

HK
Knattspyrna
Ársreikningur
2020



Handknattleiksfélag Kópavogs
Vallarkór 12-14
203 Kópavogi
kt. 630981-0269

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Handknattleiksfélags Kópavogs (HK).

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar HK fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Handknattleiksfélagi Kópavogs í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar HK ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.


Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 19. febrúar 2021.

Deloitte ehf.



Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar HK fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi HK er íþróttastarfsemi.

Hagnaður Knattspyrnudeildar HK á árinu 2020 nam kr. 12.472.780. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 114.359.056, bókfært eigið fé í árslok er kr. 80.868.318 og er eiginfjárhlutfall félagsins 70%.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs.


Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar HK að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar HK staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Kópavogur, 19. febrúar 2021

Í stjórn

Fróshi Reyri Rúnarsson

Kristín Þórunn Pálsson

 Ólafur Björnsson

Björn S. Ólafsson

Framkvæmdastjóri

Hanna Carla Jóhannsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Styrkir		71.827.216	98.141.758
Æfinga- og félagsgjöld		76.376.352	47.677.265
Aðrar tekjur		67.708.290	58.026.442
		<u>215.911.858</u>	<u>203.845.465</u>
Rekstrargjöld			
Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður	4	(125.192.902)	(114.684.580)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(6.454.846)	(9.273.558)
Mótakostnaður, búningar og ýmis aðbúnaður		(12.905.763)	(16.817.637)
Annar rekstrarkostnaður		(58.657.469)	(48.802.971)
		<u>(203.210.980)</u>	<u>(189.578.746)</u>
Rekstrarhagnaður			
		12.700.878	14.266.719
Fjármunatekjur		360.183	590.881
Fjármagns- og þjónustugjöld		(588.281)	(514.990)
		<u>(228.098)</u>	<u>75.891</u>
Hagnaður ársins			
		<u>12.472.780</u>	<u>14.342.610</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Leikmenn	5	6.866.329	6.050.000
		<u>6.866.329</u>	<u>6.050.000</u>
Veltufjármunir			
		<u>107.492.727</u>	<u>83.289.280</u>
Eignir		<u>114.359.056</u>	<u>89.339.280</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur	6	3.700.000	500.000
Óráðstafað eigið fé		76.368.318	66.195.538
Eigið fé		<u>80.068.318</u>	<u>66.695.538</u>
Skammtímaskuldir			
		<u>34.290.738</u>	<u>22.643.742</u>
Skuldir		<u>34.290.738</u>	<u>22.643.742</u>
Eigið fé og skuldir		<u>114.359.056</u>	<u>89.339.280</u>